

# Sterkari saman

Ávinningur aðildar að SI






## AÐILD AÐ SI BORGAR SIG

Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi og mynduð af um 1.400 fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum sem stunda margvíslega atvinnustarfsemi. Fjöldi og fjölbreytni fyrirtækjanna gefur samtökunum styrk en um leið er það áskorun að standa vörð um ólíka hagsmuni. Samtök iðnaðarins eru hreyfiafl og málsvari iðnaðarins á Íslandi. Í öllu starfi samtakanna er lögð áhersla á það sem er sameiginlegt um leið og tekið er tillit til sértækari mála einstakra aðildarfyrirtækja. Samtök iðnaðarins tala máli sinna félagsmanna og með því að taka þátt í starfi samtakanna er hægt að hafa áhrif.

## TVÖ SVIÐ



### Iðnaðar- og hugverkasvið SI

Undir iðnaðar- og hugverkasvið SI heyra fyrirtæki í fjölbreyttum greinum iðnaðar, meðal annars í framleiðslu-, matvæla-, þjónustu-, hátækni- og hugverkaiðnaði; Samtök mjólkur- og kjötvinnslu-fyrirtækja, Meistarafélag bólstrara, Samtök fyrirtækja í grænni tækni, Samál, Landssamband bakarameistara, Málmur, Samtök skipaiðnaðarins, framleiðslufyrirtæki, matvælafyrirtæki, prentiðnaður, úrgangur og endurvinnsla, Félag hársnyrtimeistara á Norðurlandi, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Klæðskera og kjólameistarafélagið, Ljósmyndarafélag Íslands, Tannsmiðafélag Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, Samtök menntatæknifyrirtækja, Vetnis- og rafeldsneytissamtökin, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni.

**Framleiðsluráð SI, Matvælaráð SI og Hugverkaráð SI starfa innan sviðsins.**



### Mannvirkjasvið SI

Undir mannvirkjasvið SI heyra fyrirtæki sem starfa innan bygginga- og mannvirkja-iðnaðar; Samtök arkitektastofa, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvéla-eigenda, Mannvirki – félag verktaka, Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Meistaradeild SI sem samanstendur af félögum iðnmeistara: Félag blikksmiðju-eigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum, Félag skrudgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðar-manna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum, Múrarameistarafélag Reykjavíkur og Samtök rafverktaka.

**Mannvirkjaráð SI starfar innan sviðsins.**

## STEFNA SI 2022-2025

### Hlutverk

Samtök iðnaðarins efla samkeppnishæfni Íslensks iðnaðar í þágu samfélagsins alls

#### Sýn

Ísland í fremstu röð

#### Gildi

Fagmennska – Samvinna – Áræðni

### Kjarni í stefnu

Með framúrskarandi hagsmunastarfi, þjónustu og ásýnd styðja Samtök iðnaðarins aðildarfyrirtæki sín til að sækja tækifærin og taka forystu á tímum breytinga

### Stefnuáherslur



Öflugt samfélag



Sterk saman



Markviss samskipti



Græn iðnbylting

## ÖFLUGT SAMFÉLAG

Samkeppnishæfni íslensk iðnaðar hvílir á fimm stöðum sem ráða mestu um framleiðniþróun og velmegun til framtíðar. Til að bæta samkeppnishæfnina leggja Samtök iðnaðarins áherslu á umbætur í þessum fimm stöðum sem eru mannauður, nýsköpun, starfsumhverfi, innviðir og orka og umhverfi.



Mannauður



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi

## SAMSTARF SEM LEIÐIR TIL FRAMFARA – HVER ER ÁVINNINGUR AF AÐILD?

Ávinningur af aðild að SI er af ýmsum toga en með aðild að samtökunum er meðal annars hægt að:

- taka þátt í málefnavinnu samtakanna og umbótastarfi.
- taka þátt í umræðu- og fræðsluvettvangi atvinnurekenda í iðnaði.
- taka þátt í öflugum tengslaneti við helstu hagaðila á Íslandi og erlendis og skapa nánin tengsl við erlend systursamtök.
- auka við þekkingu með aðgangi að fjölmörgum fundum samtakanna og lönþingi SI sem haldið er árlega.
- fá aðgang að útgáfum Samtaka iðnaðarins, skýrslum, rafrænu fréttabréfi, greiningum og öðrum gagnlegum upplýsingum.
- fá aðgang að sérfræðingum SI í lögfræði, hagfræði, menntamálum, almannatengslum, umhverfismálum, útboðsmálum og túlkun verksamninga.
- fá aðgang að gæðakerfi SI, vottunum og gæðahandbókum.
- fá aðgang að rekstrarráðgjöf og fræðslu Litla Íslands sem er vettvangur lítilla fyrirtækja sem vinna saman óháð atvinnugrein.
- fá aðgang að fundarsölum í Húsi atvinnulífsins í Borgartúni 35.
- verða aðili að Ábyrgðarsjóði Meistaradeildar SI sem skapar traust milli viðskiptavina og verktaka.
- gerast aðili að átakanu **Íslenskt – gjörið svo vel.**





## ÞINN TENGILIÐUR

Hvert aðildarfyrirtæki SI hefur sinn tengilið sem hefur umsjón með einstökum fyrirtækjum og starfsgreinahópum. Hlutverk tengiliðar er meðal annars eftirfarandi:

- Vinna að framgangi áherslumála einstakra starfsgreinahópa.
- Vinna við gerð umsagna um lagafrumvörp.
- Samskipti við opinbera aðila, sveitarfélög og Alþingi.
- Samskipti við opinbera verkkaupa og mótun verklagsreglna.
- Samskipti og hagsmunagæsla vegna opinberra eftirlitsaðila.
- Bréfaskriftir, fundarboð og fundargerðir starfsgreinahópa.
- Uppfærsla á heimasíðum einstakra aðildarfélaga þegar við á.
- Umsjón með samstarfi og tengslum við erlend systurfélög.

## ÞÍNAR SÍÐUR

Öll aðildarfyrirtæki SI fá aðgang að eigin síðum í gegnum vef SI þar sem hægt er að nálgast upplýsingar sem tengjast aðild að samtökunum. Þar er jafnframt farvegur fyrir fyrirspurnir og verkbeiðnir.

## AÐILD AÐ SA

Með aðild að SI verða fyrirtæki einnig aðilar að Samtökum atvinnulífsins, SA, sem annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt leiðbeina SA aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál. Aðildarfyrirtæki SA hafa aðgang að:

- Þjónustu í vinnumarkaðs- og kjaramálum, m.a. aðstoð varðandi túlkun kjarasamninga, launagreiðslur, veikindarétt, orlof, vinnutíma og starfsmenntamál.
- Vinnumarkaðsvef SA sem inniheldur gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðs- og starfsmannamál.

## STARFSGREINAHÓPAR OG AÐILDARFÉLÖG SI

Fyrirtæki geta ýmist verið beinir aðilar að Samtökum iðnaðarins eða aðilar í gegnum starfsgreinahópa og aðildarfélög samtakanna. Undir hatti SI starfa hátt í 40 starfsgreinahópar og aðildarfélög.



## ÍSLENSKUR IÐNAÐUR STYRKIR STÖÐIR SAMFÉLAGSINS

Gakktu til liðs við okkur – saman erum við sterkari!



Iðnaður stendur að baki þróunni hagvaxtarins



Einn af hverjum fimm starfar í iðnaði



Iðnaður skapar fimmtung landsframleiðslunnar



Iðnaður skapar 30% gjaldeyristekna



Iðnaður skapar 30% af veltu fyrirtækja



